



MENNTAVÍSINDI



Námskeið fyrir grunnskóla í Reykjavík

Hvernig má styðja við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi?

Markmið námskeiðsins er að efla hæfni kennara til að vinna með nemendum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þátttakendur byggja upp þekkingu sína og þjálfast í að nýta hagnýt verkfæri til að styðja við móðurmál og virkt fjöltyngi í kennslu. Námskeiðið byggir á nýttkomnum leiðarvísi um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi.

Á námskeiðinu verða kynntar hagnýtar leiðir til að styðja við tungumál og fjöltyngi í starfi með börnum og ungmennum. Þátttakendur dýpka þekkingu sína á því hvernig hægt er að styðja við fjölbreytt tungumál og íslensku í gegnum allar námsgreinar og í samstarfi við fjölskyldur. Þá fræðast þátttakendur um hvað felst í tungumálastefnu heimilis og skóla, þýðingu þess að styðja við virkt fjöltyngi og skoða leiðir til að byggja á þeim tungumálaauðlindum sem börn og fjölskyldur búa yfir. Þátttakendur skoða gagnlegar slóðir sem leiðarvísir kynnrir og prófa að vinna með hugmyndir leiðarvísis í eigin starfi.

MARKHÓPUR

Kennarar og fagfólk í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

TÍMI OG VINNULAG

Námskeið verður kennt í staðnámi ef aðstæður leyfa en annars í fjarnámi (Zoom). Kennt verður í fjögur skipti á fimmtudögum kl. 14:30-16, dagana 21. janúar, 11. febrúar, 4. mars og 25. mars. Samtals er gert ráð fyrir 10 klukkustunda vinnuframlagi.

SKRÁNING OG SKRÁNINGARGJALD

18. JAN. Áhugasamir eru hvattir til að [skrá sig](#) í síðasta lagi 18. janúar 2021.

0 KR. Ekkert skráningargjald.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

